

Spár fyrir Vestfirði og Vestfjarðamið mánudaginn 25. febrúar 1980

01:00 Sama spá og kl. 22:15 [þó nýr inngangur – lægðarinnar suðvestur í hafi var ekki getið kl. 22:15]

Gert er ráð fyrir stormi á Vestfjarðamiðum. Yfir norðvestanverðu Grænlandshafi er 972 mb lægð sem hreyfist norðaustur. Um 1500 km suðvestur í hafi er 990 mb lægð sem berst hratt til norðausturs. Veður fer hægt kólnandi.

Suðurland til Vestfjarða, Suðvesturmið til Breiðafjarðarmiða: Suðvestan stinningskaldd með allhvössum eða hvössum éljum í nótt en vestan- og suðvestankaldi og él á morgun.

Vestfjarðamið: Suðvestan hvassviðri eða stormur í nótt, en lægir heldur með morgninum. Él.

04:30 Enn er stormur á Vestfjarðamiðum og síðdegis er gert ráð fyrir stormi á Austurmiðum og Austfjarðamiðum. Við strönd Grænlands norðvestur af Vestfjörðum er minnkandi 982 mb lægðardrag. Um 1000 km suðvestur af Reykjanesi er 990 mb lægð sem berst hratt til norðausturs í átt til landsins og fer sennilega yfir það síðdegis og í kvöld. Hiti breytist lítið í fyrstu en í kvöld fer kólnandi.

Breiðafjörður og Vestfirðir, Breiðafjarðarmið: Suðvestan gola með allhvössum éljum í fyrstu, en hægari og slydda þegar líður á daginn. Hvöss vestanátt og aftur él í kvöld og nótt.

Vestfjarðamið: Suðvestan hvassviðri eða stormur í fyrstu, en mun hægari síðdegis, en aftur suðvestan og vestan hvassviðri í nótt. Él.

07:00 Engin breyting á spá fyrir Vestfirði og Vestfjarðamið.

08:15 Búist er við stormi á Suðvesturmiðum, Faxaflóamiðum, Breiðafjarðarmiðum, Austurmiðum og Austfjarðamiðum. Milli Vestfjarða og Grænlands er minnkandi lægðardrag en 980 mb lægð um 400 km vestsuðvestur af Reykjanesi fer norðaustur yfir vestanvert landið í dag. Heldur kólnar þegar líður á daginn.

Vestfirðir og Vestfjarðamið: Suðvestanátt og él í fyrstu en gengur fljótlega í allhvassa eða hvassa suðaustanátt með slyddu og síðar rigningu. Hvass vestan með éljum þegar líður á daginn.

10:10 Búist er við stormi á öllum miðum. Um 200 km vestsuðvestur af Reykjanesi er 975 mb djúp lægð sem fer hratt norðaustur yfir vestanvert landið í dag. Veður fer kólnandi þegar líður á daginn.

Vestfirðir og Vestfjarðamið: Gengur í suðaustan storm með slyddu og síðar rigningu, en vestan hvassviðri eða stormur og él síðdegis.

12:45 Búist er við stormi á öllum miðum. Skammt vestur af Bjargtöngum er 960 mb lægð sem fer hratt norðaustur. Veður fer kólnandi, fyrst vestanlands.

Vestfirðir og Vestfjarðamið: Suðaustan stormur og rigning í fyrstu en gengur fljótlega í vestan storm með éljum. Lægir nokkuð í nótt.

16:15 Búist er við stormi á öllum miðum. Skammt vestur af Vestfjörðum er 957 mb lægð sem hreyfist norðaustur. Veður fer kólnandi.

Vestfirðir: Suðvestan rok eða ofsarok. Éljagangur. Hægari í nótt.

Vestfjarðamið: Suðvestan og vestan fárviðri. Éljagangur. Hægari í kvöld og nótt.